

Byggðastofnun
Hjalti Árnason, forstöðumaður
Sauðármýri 2
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 16. júlí 2026

Efni: Tilkynning til Byggðastofnunar um verðbreytingar á þjónustu innan alþjónustu, pakkar 10 kg. innan alþjónustu

1. Almenn

Íslandspóstur ohf. (hér eftir ÍSP) tilkynnir hér með Byggðastofnun (hér eftir BST) um eftirfarandi breytingar á gjaldskrá fyrir pakka upp að 10 kg innan alþjónustu, sbr. 1. og 2. mgr. 18. gr. laga um pósthjónustu nr. 98/2019 (hér eftir lög um pósthjónustu).

Í samræmi við breytingar á útnefningu félagsins sem alþjónustuveitanda, sbr. ákvörðun BST nr. 14/2023, falla eingöngu pakkar sem dreift er á svæði 4, sbr. upptalning í viðauka með ákvörðun stofnunarinnar undir þær skyldur sem fjallað er um í 17 og 18. gr. laga laganna.

Breytingarnar eru eftirfarandi:

Kíló	Núverandi verð	Ný verð
0-2kg.	1950	2126
2-5 kg.	2160	2354
5-10 kg.	2520	2747

Stofnuninni eru einnig sendar til hliðsjónar aðrar breytingar á gjaldskrá félagsins vegna pakka upp að 20 kg., ásamt prósentutölum yfir hækkanir, sjá link á heimasíðu félagsins.

Umræddar verðbreytingar munu taka gildi þann 1. ágúst 2026.

2. Rökstuðningur

Endurgjald ríkisins vegna alþjónustu er að stærstum hluta tilkomið vegna þjónustu við svæði 4 (dreifing með landpóstum), sbr. ákvörðun BST nr. Á-1/2026.

Í 17. gr. laga um póstpjónustu eru talin upp þau skilyrði sem gjaldskrár innan alþjónustu eiga að uppfylla, s.s. að gjöld fyrir alþjónustu eigi að vera viðráðanleg fyrir notendur þannig að þeir geti notfært sé þjónustuna, raunkostnaður að viðbættum hæfilegum hagnaði, að gjaldskrá eigi að vera auðskiljanleg, gæta skuli jafnræðis og tryggja gagnsæi

Eftir þær breytingar sem nú eru gerðar á gjaldskrá félagsins er munurinn í prósentum á milli höfuðborgarsvæðisins og þar sem dreift er með landpóstum eftirfarandi:

kíló	1	4	%
0-2kg.	1341	2126	59%
2-5kg.	1450	2354	62%
5-10kg.	1777	2453	55%

Eins og BST er kunnugt um er kostnaður ÍSP við að þjónusta umrætt svæði mun meiri en innheimtist í gegnum verðskrá fyrirtækisins. Hvort mögulegt sé að auka verðmuninn meira á milli sambærilegrar verðskrár félagsins á höfuðborgarsvæðinu og þeirrar sem gildir við landpóstadreifingu, sbr. ofangreind tafla, er erfitt að gefa einhlítt svar. Væntanleg þyrfti þá að skoða frekar hugtök eins og viðráðanleika gjaldskrár, sbr. 1. mgr. 17. gr. og jafnræðiskröfu 3. mgr. 17. gr. laga um póstpjónustu.

Á heimasíðu ÍSP er að finna frekari upplýsingar um breytingar á verðskrá fyrir pakki Póstbox/pósthús/landpóstur. <https://posturinn.is/frettir/almennar-frettir/2026/breytingar-a-verdskra-1-agust/>

Virðingarfyllst

